

Lex
b.t. Fjölfnis Ólafssonar lögmanns
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. ágúst 2022
Tilv.: 2201008

Efni: Frekari viðræður vegna rannsóknar á kaupum Ardian á Mílu – framlenging frests.

1. Samkeppniseftirlitið vísar til erindis Ardian, dags. í dag, þar sem óskað er eftir framlengingu frests til viðræðna um mögulega sátt í rannsókn eftirlitsins á samkeppnislegum áhrifum sem leiða af samruna sem felst í kaupum Ardian á Mílu.
2. Eins og kunnugt er hófst rannsókn Samkeppniseftirlitsins þann 8. febrúar sl., þegar fullbúin samrunatilkynning barst Samkeppniseftirlitinu. Í kjölfar ítarlegrar rannsóknar birti Samkeppniseftirlitið aðilum viðskiptanna andmælaskjal þann 1. júlí sl. og átt sama dag fund með Ardian um þar sem andmælaskjalið og staða rannsóknar var kynnt. Í andmælaskjalinu er lýst því frummati eftirlitsins að kaup Ardian á Mílu raski samkeppni og að þörf væri á ihlutun til að vinna gegn þeirri röskun. Eins og rökstutt er í andmælaskjalinu er ástæða þessa m.a. efni langtíma heildsölusamnings sem gilda mun um viðskipti Mílu og Símans eftir að kaupin koma til framkvæmda.
3. Að ósk Ardian voru haldnir fundir 5. og 8. júlí 2022 þar sem rætt var um efni þessa máls og um mögulegar sáttaviðræður. Þann 11. 2022 júlí óskaði Ardian formlega eftir því að hefja viðræður við Samkeppniseftirlitið um hvort unnt væri að ljúka rannsókn eftirlitsins á kaupum Ardian á Mílu með sátt. Samkeppniseftirlitið féllst á að hefja sáttaviðræður.
4. Þann 15. júlí 2022 sendi Ardian tillögur sem ætlað var að leysa þau samkeppnislegu vandamál sem talin voru stafa af samrunanum í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins. Framlengdist þá frestur eftirlitsins til rannsóknar samrunans um 15 virka daga, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga. Jafnframt bárust frá Ardian og Símanum athugasemdir við efni andmælaskjalsins.
5. Þann 21. júlí 2022 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umsögnum Fjarskiptastofu, viðskiptavina og keppinauta Mílu um m.a. tillögur Ardian að skilyrðum sem ætlað er að leysa þau samkeppnislegu vandamál sem ella myndu leiða af kaupunum á Mílu. Var umsagnarbeiðnin liður í markaðsprófi á framlögðum tillögum Ardian, sbr. einnig frétt á heimasíðu eftirlitsins sama dag.
6. Þann 26. júlí 2022 var haldinn fundur með Ardian þar sem efni þessa máls var rætt.
7. Að fengnum umsögnum Fjarskiptastofu og viðskiptavina og keppinauta Mílu sendi Samkeppniseftirlitið Ardian og Símanum umsagnirnar og óskaði viðbragða við þeim. Bárust athugasemdir frá Símanum 4. ágúst og frá Ardian 6. ágúst 2022.



8. Þann 9. ágúst 2022 gaf Samkeppniseftirlitið Fjarskiptastofu og öðrum umsagnaraðilum frest til 10. ágúst sl. til að bregðast við athugasemdum Ardian og Símans, sbr. frétt á heimasíðu eftirlitsins. Bárust sjónarmið frá Fjarskiptastofu og nokkrum fjarskiptafyrirtækjum.
9. Sama dag, þ.e. 9. ágúst 2022, átti Samkeppniseftirlitið fund með Ardian. Á fundinum var Ardian upplýst stöðu athugunar eftirlitsins á framkomnum umsögnum Fjarskiptastofu og fjarskiptafyrirtækja og viðbrögðum Ardian og Símans við þeim. Var meginefni framkominna athugasemda rætt ítarlega, en flestir aðrir umsagnaraðilar töldu að tillögur Ardian væru ekki fullnægjandi. Hafa Ardian og Síminn í athugasemdum sínum mótmælt þessu.
10. Á fundinum kom jafnframt fram að Samkeppniseftirlitið hefði fullan hug á áframhaldandi sáttarviðræðum með það að markmiði að finna ásættanlega lausn á þeim samkeppnisvandamálum sem eftirlitið hefði komið auga á. Jafnframt var ítrekað að rof á eignatengslum Símans og Mílu væru jákvæð, en samhliða að það væri verkefni eftirlitsins að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Á þessu stigi væri það frummat Samkeppniseftirlitsins að niðurstaðan í andmælaskjalinu stæði, þ.e. að sökum m.a. heildsölusamningsins myndu kaup Ardian á Mílu raska samkeppni og þörf væri á íhlutun til að vinna gegn þeim. Einnig væri það frummat eftirlitsins, á þessu stigi rannsóknar, að framboðin skilyrði væru ekki fullnægjandi. Var þá á fundinum rætt um önnur möguleg skilyrði. Sú umræða hélt áfram á fundi Samkeppniseftirlitsins og Ardian í morgun. Var niðurstaða þess fundar að ástæða væri til að halda þeim viðræðum áfram.
11. Eftir fundinn í morgun barst tölvubréf frá Ardian þar sem óskað er eftir að Samkeppniseftirlitið nýti heimild lokamálsliðar 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga til þess að unnt sé að halda sáttaviðræðum áfram.
12. Í 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga segir m.a. þetta:
13. *„Ákvörðun um ógildingu samruna skal taka eigi síðar en 90 virkum dögum eftir að tilkynning skv. 1. másl. hefur verið send þeim aðila sem tilkynnti um samruna. Setji samrunaaðilar, sem óska eftir sáttaviðræðum við Samkeppniseftirlitið, fram möguleg skilyrði vegna samrunans á 55. virka degi rannsóknar eftir að tilkynning skv. 1. másl. var send þeim aðila sem tilkynnti um samruna, eða síðar, framlengist frestur til rannsóknar samrunans sjálfkrafa um 15 virka daga. Óski samrunaaðilar þess er Samkeppniseftirlitinu heimilt að framlengja framangreinda fresti til rannsóknar samruna um allt að 20 virka daga.“*
14. Samkvæmt öllu framansögðu eru að mati Samkeppniseftirlitsins forsendur til að kanna nánar í sáttaviðræðum við Ardian hvort unnt sé að leysa þetta mál með þeim hætti að annars vegar hagsmunir samfélagsins af samkeppni á afar mikilvægum markaði og hins vegar viðskiptalegir hagsmunir tengdir sölunni á Mílu séu tryggðir með fullnægjandi hætti. Í ljósi þessa og með hliðsjón af beiðni Ardian framlengir Samkeppniseftirlitið hér með frest til rannsóknar á samruna Ardian og Mílu um 20 virka daga.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Steingrímur Ægisson